

Nr. 053 / 10 Klakkur SH 510***Eldur í vélarúmi***

Skipaskr.nr. 1472
Smíðaður: Gdynia Póllandi, 1977
Stærð: 488,0 brl. 744,7 bt.
Mesta lengd: 51,83 m Skráð lengd: 44,71 m
Breidd: 10,76 m Dýpt: 6,96 m
Vél: B&W Alpha 1620 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 15



Klakkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. maí 2010 var Klakkur SH 510 á togveiðum á NV miðum (Reykjafjarðarál).
Veður: NA 10-15 m/sek.

Skipið var stutt um 40 sjómíllur út af Skagatá og voru skipverjar að hífa inn trollið þegar eldur kom upp í vélarúmi með miklum reyk. Skipstjórinn sendi út neyðarkall og hafði samband við Frosta EA sem var næstur. Björgunarsveitir voru kallaðar út ásamt þyrlu með slökkviliðsmenn um borð. Reykkafarar voru sendir í vélarúmið en þeir fundu engan eld en reykurinn kom frá rafal.

Skipstjóri afturkallaði neyðarkallið og stefndi skipinu til Sauðárkróks.

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt viðhaldsskrá rafala skipsins virðist hafa verið fylgst reglulega með þeim. Hitastigmæling var gerð á legum þeirra daglega. Á 1500 klukkustunda keyrslutíma fresti var ástand kolahaldara og kola athugað og brugðist við á viðeigandi hátt. Þá var kolaryk hreinsað eins og kostur var. Flókasíur í loftháfum eru athugaðar eins og viðhaldsvakinn mælir fyrir um og annað hvort þvegin, en það er bara gert einu sinni því þær vildu þófna og þéttast, eða ný sett í staðin. Kúlulegur voru smurðar samkvæmt fyrirmælum framleiðanda (SKF);
- að 24 fremur stór kol eru á hefðbundnum kolator aftast í rafalnum og sogar kæliloftið kolarykið sem slitnar frá kolunum fram eftir öllum rafalnum;

- að affallsrör frá austurskilju liggur niður í kjalsog skammt aftan við rafalinn sem olíumengað vatn frá skiljunni rennur um þegar sjálfvirk skolun á sér stað. Þetta gerist þegar skiljan er í gangi og stýribúnaður hennar skynjar olíu í vökvanum sem verið er að dæla. Við þetta rennur heitt og olíumengað vatn úr rörinu og getur gufu lagt frá því sem sogið dregur inn í síuna og mettað hana frekar áður en rakinn fer inn í rafalinn. Affallsrörið hefur verið fært aftur að vélarúmspili til að koma í veg fyrir þetta;
- að þegar viðgerð fór fram voru báðir jafnstraumsrafalarnir bornir saman með tilliti til óhreininda (kolaryks) og sagði yfirvélstjóri að í þeim aftari (sá sem brann) hafi verið mun meira af klesstu ryki eða eins og það hafi festst vegna meiri raka en í þeim fremri.

Nefndarálit:

Orsök brunans í rafalnum er talin vera ónóg kæling vegna þéttingar raka í síum og kolaryks.